

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Nordic Fish Leather Sauðárkrókur



<b>Dags eftirlits</b>	1.9.2021	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Steinnur Karlsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Nordic Fish Leather	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Borgarmýri 5	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6012190930	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hlynur Ársælsson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.11.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu fram tvö frávik og tvær nýjar ábendingar. Tveimur eldri ábendingum var haldið til haga.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var í eftirlit í sútunarverksmiðju Nordic Fish Leather á Sauðárkróki. Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Kynning á fyrirtækinu
- Staðan frá því í seinasta eftirliti
- Umfang starfseminnar
- Áhættumat
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Rekstraraðili kynnti starfsemi fyrirtækisins, þá helst vinnsluferilinn og notkun efna í ferlinum. Rekstraraðili leitast við að koma krómi, kopar og járn úr sútunarferlinu. Hann áætlað að um 30 mg af krómi séu notuð í hverri viku í vinnsluferlinu.

2. Í síðasta eftirliti, sem fór fram 12. maí 2020, voru settar fram fjórar ábendingar. Í þeirri fyrstu var rekstraraðila bent á að safna betri upplýsingum um styrk mengunar efna í frárennsli. Töluvert magn af efnum eru notuð í framleiðslunni og sum þeirra eru skaðleg umhverfinu, samanber hættumerkingar. Frárennsli er ekki hreinsað. Rekstraraðili hefur ekki gert mælingar í frárennsli.

Í annarri ábendingu var rekstraraðila bent á að safna betri upplýsingum um efnanotkun við yfirborðsmeðhöndlun framleiðslunnar, sérstaklega ef notuð eru rokgjörn lífræn efnasambönd. Jafnframt að meta þyrfti af þörf á afsogi og mælingum á efnastyrk í útblæstri. Rekstraraðili hefur síðan í síðasta eftirliti tekið saman efnanotkun í vinnsluferlinum, þó ekki sérstaklega fyrir rokgjörn lífræn efnasambönd. Ekki liggur fyrir mat á því hvort þörf sé á frekari afsogi og mælingum á efnastyrk í útblæstri.

Í þriðju ábendingu var rekstraraðila bent á að aðskilja efnalager og/eða koma upp lekabyttum til þess að koma í veg fyrir mengunarslys og óhöpp. Rekstraraðili hefur ekki gert slíkt. Engin sérstök efnageymsla er í verksmiðjunni og efnin eru ekki geymd í lekabyttum eða í lekavörn sem tæki við ef ílát myndu gefa sig. Efnin eru geymd þar sem handhægast er að nálgast þau við vinnsluferlið. Niðurföll eru að mestu opin og því eiga efni greiða leið út í fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Í fjórðu ábendingu kom fram að mikilvægt væri að hafa markmið í umhverfismálum. Það var rætt í eftirlitinu og hefur eftirlitsaðili sent rekstraraðila bækling um setningu umhverfismarkmiða.

3. Umfang starfseminnar var rætt í eftirliti og það er ljóst að rekstraraðili er langt undir 12 tonnum á dag og því er ljóst að BAT niðurstöður sem Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gaf út árið 2013 um bestu aðgengilega tækni vegna losunar frá iðnaði vegna sútunar á húðum og skinnnum nær ekki yfir rekstur sútunarverksmiðjunnar.

4. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits heimsókna. En rekstraraðili er í ár í flokki B og fær því eftirlit einu sinni á ári.

5. Önnur mál. Öll efni sem eru notuð hjá rekstraraðila standast ákvæði REACH. Rekstraraðil hefur skoðað margar leiðir til að gera sútunarferilinn umhverfisvænni og minnka notkun efna.

6. Farið var í skoðunarferð um vinnslusali. Starfsemin er á þremur svæðum. Á **svæði A** er votrými þar fram sútun og litun. Mikið af efnum er geymt í bömbum, tunnum og minni áltunnum í rýminu. Þessi ílát eru ýmist geymd í hillum eða upp á vörubrettum. Leitast hefur verið við að setja gjarðir á litlar áltunnur til að tryggja að þær séu lokaðar og jafnframt er dælubúnaður á stærri plast tunnum svo hægt sé að dæla upp úr tunnunum í stað þess að opna þær. Miðar á mörgum tunnunum voru útmáðir og því erfitt að sjá hvað var í þeim. Við eftirlit voru niðurföll á svæði A galopin og ef leki kæmi að tunnu eða bamba var ekkert sem hindra að efni færi niður um niðurföll. Mörg þessara efna voru merkt með hættumerkingum og sum hver með hættumerkinu GHS09 en efni með slíka merkingu teljast hættuleg umhverfinu. Jafnframt var um að ræða ætandi efni.

Á **svæði B** fer þurrkun fram og þar er aðstaða til að strengja roð á þurrkgrindur, til hliðar við það er þurrkklafi. Innan við það er aðstaða til slípunar á afurðinni. Jafnframt er lítið herbergi í rýminu þar sem fram fer yfirborsmeðhöndlun. Á svæði B mikið geymt af efnum og eru þau sum í duft formi og önnur í fljótandi og þá flest í tunnum, sum í brúsum. Engar lekavarnir eru í rýminu. Í herbergi þar sem fram fer yfirborðsmeðhöndlun á efnum er búið að blanda laganir í litla brúsa og á þeim eru litlar sem engar merkingar sem segja til um hættulega eiginleika efnanna í þeim. Á **svæði C** er frágangur, flokkun og yfirborðsmeðferð. Þar er einnig þurrkofn með afsogi, við hann er poka sía.

Á innsta svæðinu (**svæði D**) næst skrifstofum og starfsmannaaðstöðu fer þökkun fram og þar er líka aðstaða til geymslu pantana sem bíða þess að vera sendar af stað til kaupenda.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

#### 26. gr. reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp.

Iðnaðarskólp sem veitt er í safnræsi og til skólphreinsistöðva fyrir þéttbýli skal forhreinsað. Engin hreinsun er á skólpi frá rekstraraðila.

#### 12. gr efnalaga nr. 61/2013.

Við meðferð efna skal sýna fyrirbyggju, aðgát og varkárni þannig að fyrirbyggja megi skaða á heilsu og umhverfi. Geymsla efna hjá rekstraraðila er ekki með þeim hætti að sýnd sé fyrirbyggja þ. e. efni eru ekki geymd í lekavörn og eiga greiðleið í niðurföll. Sum eru hættuleg umhverfinu og geta því valdið skaða.



## ÁBENDINGAR

Gott er að framleiðslutölur liggi skýrt fyrir þannig að áætla megi umfang starfseminnar.

Bent er á að meta þurfi þörf á afsogi og mælingum á efnastyrk í útblæstri. Þessi ábending var einnig sett fram við síðasta eftirlit.

Bent er á að mikilvægt er að hafa markmið í umhverfismálum. Þessi ábending var einnig sett fram við síðasta eftirlit.

Bent er á að merkja þurfi öll efni og efnablöndur með þeim hætti að utan á þeim megi sjá hættumerki og heiti efnisins.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.10.2021

*Steinunn Karlsdóttir*

Steinunn Karlsdóttir

